

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 196/2021

frá 9. júlí 2021

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1565 frá 27. október 2020 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,4-díamínóbútan, 1-metýlsýklóprópen, ammóníumasetat, bífenasat, klórantranilípról, klórmekvat, sýpródíníl, kalkstein, mandíprópamíð, pipar og pýridaben og fæliefnin blóðmjöl, útdrátt úr þangi og þara og trímetylámínhýdróklóríð í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1566 frá 27. október 2020 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir búpírímat, karfentrasónetyl, etírímól og pýríófenón í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 30.

- „– **32020 R 1565**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1565 frá 27. október 2020 (Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 3),
- **32020 R 1566**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1566 frá 27. október 2020 (Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 30).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 R 1565**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1565 frá 27. október 2020 (Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 3),
- **32020 R 1566**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1566 frá 27. október 2020 (Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 30).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2020/1565 og (ESB) 2018/1566, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.